

Aðalfundur FHB 26.október 2018

Haldinn í Sprettshöllinni Kópavogi

Sveinn Steinarsson, formaður setti fundinn og bar upp tillögu um að Vignir og Hallveig yrðu starfsmenn fundarins; Vignir sem fundastjóri og Hallveig ritari og var það samþykkt. Í framhaldinu tekið til við dagskrá fundarins.

Skýrsla stjórnar – Sveinn Steinarsson

Ársreikningur – Vignir Sigurðsson

Ávörp gesta

Sindri Sigurgeirsson formaður Bændasamtaka Íslands fór yfir helstu verkefni BÍ og mikilvægi þess að búgreinafélög séu í hagsmunasamtökum en hagsmunagæsla er eitt stærsta verkefni Bændasamtakanna nú er t.a.m að berjast gegn innflutningi á hráu kjöti. Unnið er að endurheimt votlendis og um að gera að stuðla að því þar sem það er hægt. Bændur sinna líka landsgræðslu í samvinnu við landgræðslu ríkisins. Sindri sagði vinnu við endurskoðun búvörusamninga hefjist á næsta ári en vinna er hafin í sauðfjárluta samningsins. Sindri lýsti yfir ánægju með verkefnið Horses Of Iceland, sem Félag hrossabænda er lykilaðili að, og að sér finnist verkefnið hafa verið mjög áberandi á jákvæðan hátt. Sindri kom inná áhuga Félags hrossabænda á frekari aðkomu að búvörusamningnum og finnst ekki fráleitt að svo verði.

Ágætar umræður urðu um ýmislegt sem Sindri nefndi í sinni framsögu.

Bjarni Maronsson frá Landgræðslunni – þakkaði boðið á aðalfundinn og flutti kveðjur frá forstjóra og starfsmönnum Landgræðslunnar. Fór yfir samstarf við hrossabændur í gegnum tíðina og benti á þá starfsemi sem er í gangi í Gunnarsholti og að þar væri margt áhugavert að skoða. Ábendingar berst um landníðslu á einstaka stöðum þar sem blóðmerar eru, en það er þó alls ekki algilt. Huga þarf að ásýnd lands varðandi hestaleigur líka. Kynnti hagagæði en upplýsingar um það verkefni er m.a. að finna [á heimasíðu Félags hrossabænda](#). Meðferð hrossabeitarlands hefur stórlagast þó enn megi þó bæta. Beitin er undirstaða búfjárhalds og því áriðandi að viðhalda gæðum þar. Bjarni greindi frá því að Landgræðslan er orðin þátttakandi í verkefninu HOI, þakkar FHB áralangt samstarf og óskar félaginu heilla í framtíðinni.

Kjörbréfanefnd skilar af sér

Vesturland – Birna Hauksdóttir og Sigurbjörn Garðarsson, Jón Bjarni Þorvarðarson. – 3 af 3
Hrossaræktarsamtök Suðurlands: Birgir Leó Ólafsson, Hermann Þór Karlsson, Þórhallur Dagur Pétursson, Olil Amble, Páll Imslund, Erlendur Árnason, Sigríkur Jónsson. – 7 af 9

Hr. Aust: Einar Ben Þorsteinsson. – 1 af 2

Hrossaræktarsamband Skagafjarðar: Bjarni Maronsson, Guðrún Stefánsdóttir, Víkingur Gunnarsson. – 3 af 4

Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga: Vignir Sigurðsson, Zophonías Jónmundsson, Jónas Vigfússon. – 3 af 4

Hrossaræktarsamtök V-Hún: Malin M. Person. – 1 af 3

Samtök hrossabænda A-Hún: Björn Magnússon. – 1 af 3

Þorvaldur Kristjánsson fór yfir ýmis atriði sem snúa að endurskoðun dómaleiða og ræktunarmarkmiða. Nefndi hann fínstillingar á skilgreiningum þess sem þarf til að hljóta ákveðna einkunn. Fór yfir erfðafylgni hæfileika kynbótahrossa gagnvart keppni sem er um 96% hvað varðar töltið - töltkeppni, Brokk – fjórgangur 95%. Þorvaldur fór yfir hugmyndir að breytingum á væri eiginleikanna. Verið er að skoða að taka upp sér fjórgangseinkunn til að gera samanburðinn réttlátari, þ.e. öll hross eru skoðuð líka með tilliti til fjórgangseinkunna, ekki bara fimmgangseinkunn eins og nú er.

Miklar og ágætar umræður urðu um þessa þróun á skalanum og framtíðar þróun hans líka.

Horses of Iceland

Jelena Ohm rakti sögu verkefnisins í stuttu máli, og fór yfir verkefni þessa árs og það sem ákveðið hefur verið á næsta ári. Afar ánægjulegt að sjá verkefnið Horses of Iceland vaxa og dafna. Verkefnið verður sífellt kunnugra og er að verða afar mikilvægur partur af starfi Félags hrossabænda og Landsambands hestamannafélaga.

Sumarexemsrannsóknin - Tilraunastöðin á Keldum

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir: fór yfir stöðu Sumarexem rannsóknarinnar en nú er að koma að ákveðnum tímamótum þar sem stefnt er að því að hefja samanburðarrannsóknir 2020.

Vilhjálmur Svansson: fór yfir ferlið sem þarf að fara í gang í aðdraganda samanburðarrannsóknarinnar og einnig hvernig standa þarf að málum eftir að rannsóknin er hafin. Hann greindi frá því að einungis þurfi að flytja út meðhöndluð hross þar sem hægt sé að styðjast við þekktar upplýsingar (niðurstöður) um sumarexem í ómeðhöndluðum hrossum sem höfðu verið flutt á þekkt flugusvæði. En samkvæmt núverandi áætlun þarf 25 hross sem munu öll verða meðhöndluð (bólusett) á Keldum áður þau verða flutt út en stefnt er að því að flytja þau út snemmsumars 2020. Allmikill kostnaður mun fylgja samanburðarrannsókninni en allir sammála því að reyna að ná niður kostnaði og mun Félag hrossabænda m.a aðstoða við að útvega hross og hafa tiltæk haustið 2019. Góðar umræður voru í kjölfar framsögu Sigurbjargar og Vilhjálms og voru ýmis atriði sem fundarmenn spurðu þau um. Spurt var m.a hvort flugan sem veldur exeminu væri komin til landsins en svo er ekki. Einnig var spurt hvernig yrði með útvegum bóluefnis að rannsókninni lokinni. Þau sögðu að hægt verði að útbúa bóluefnið á Keldum og það þyrfti ekki að vera mjög kostnaðarsamt. Öllum á fundinum ljós að við nálgumst þann tímamark að geta farið að meðhöndla hross sem til stendur að flytja erlendis, en eftir meðhöndlun verða þau hross sem flutt verða erlendis jafnsett íslensku hrossum fæddum erlendis hvað tíðni sumarexems varðar.

Fundarstjóri þakkaði Sigurbjörgu og Vilhjálmí fyrir og hvatti hestamenn til að standa vel að baki þeim við að leiða þetta verkefni til enda.

Staða hestamenskunnar

Formaður gerði að tillögu við fundarmenn að breyta fyrirkomulagi fundarins í nokkurskonar hringboðsumræður þar sem staða hestamenskunnar héraendis og erlendis yrði rædd.

Víkingur Gunnarsson hóf þennan dagskrárlið með framsögu um stöðu íslandshestamenskunnar héraendis og erlendis og einnig kom hann með áhugaverðar upplýsingar um stöðu hestamenskunnar í öðrum hestakynjum. Víkingur sagði að þessi slaki eða öldudalur sem við þekktum væri ekki bara í kringum íslenska hestinn það væri líka þekkt hjá öðrum kynjum og rakti mögulega ástæður þess. Í þessu sambandi var nefnt að gagnvart íslenskum hrossum þá hefði mikil uppgangur á ákveðnu árabili eftir aldamót haft í för með sér ósjálfbæra aukningu á hrossum sem við værum að reyna vinna úr núna, sögulega stórir árgangar frá 2008-11 hefðu mikil áhrif á markaði og ekki væri nógu gott jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Jákvætt væri hinsvegar að stórlega hefur dregið úr framleiðslu á lífhrossum og ætti því jafnvægi að vera framundan á næstu árum. Víkingur hvatti fundarmenn til að sjá tækifærið í stöðunni, markaðurinn ætti að ná jafnvægi fljótlega og eins hvatti hann ræktendur til að skoða vel stöðu sína og grisja stóðin og nota aðeins bestu gripina og vanda vel til þeirra. Það er margt jákvætt að gerast í hestamenskunni og hesturinn fengið stóraukið hlutverk t.a.m gagnvart ferðafólki.

Víkingur greindi fundarmönnum frá stöðu í erlendum hestakynjum t.a.m hefur þróunin í Svíþjóð verið sú að mikill samdráttur hefur verið í kringum sænska brokkhestinn og er staðan í Hollandi með sama hætti hvað t.d Standard-bred hestanna varðar. Víkingur hvati hestamenn til að gera áfram vel því margt hafi áunnist á síðustu árum og að í raun værum við sögulega vel sett. Hann bað fundarmenn að muna eftir því að almenni hestamaðurinn er sá mikilvægast í stóra samhenginu. Víkingur sagði í lokin að við þurfum að finna leiðir til að efla félagslega þáttinn, sem hefur verið á niðurleið undanfarin ár.

Mjög góðar umræður urðu í kjölfar framsögunar og var margt nefnt og tóku margir til máls.

Þorvaldur koma m.a að hlutfall sýndra hryssa hefur lækkað úr 64% í 55% og að þar getum við gert betur, og einnig í því að nota freka sýnda stóðhesta en ungfola. Þrátt fyrir miklar erfiðraframarir er svigrúm til að gera betur.

Eysteinn: nefnir hross séu að seljast eldri og betur tamin nú en áður – flest á aldrinum 6-11 vetra.

Bjarni Maronsson – hvað þarf íslenski hrossastofninn að vera stór til að fullnægja eftirspurn ?

Olil Amble – Eigum ekki að tala um keppnis- og reiðhesta sitt í hvoru lagi, heldur saman, góður keppnishestur er væntanlega frábær reiðhestur.

Vignir – það er úrvinnslan og markaðssetningin sem við þurfum að vinna í að bæta.

Sveinn – hestaferðaaðilar hafa tekið stóran hluta markaðsins til sín en okkur vantar tölulegar upplýsingar frá þeim s.s. eins og endurnýjunarþörfin.

Olil – Benti á ósamræmi í verðmyndun á hreinræktuðum hvolpum og svo aftur fulltömdum hrossum.

Sveinn – hestaferðaaðilar hafa líklegast fengið mikið af ódýrum hrossum e. hrun, en fljótlega kemur í ljós hvort ásett og tamin hross uppfylli þörf markaðarins hvað framboð varðar á reið og keppnishestamarkaðinn, til ræktunarstarfsins og gagnvart þörf hestaferðaaðila. Gæti komið sá dagur að eftirspurn verið meiri en framboðið.

Bjarni Maronsson – tamningu fleygir fram sem gerir það að verkum að hross nýtast eigendum betur og færri hross er eigendum ekki til neins gagns.

Sveinn – nefnt hefur verið að folöld undan blóðmerum gætu komið í miklu mæli inná markaðinn í

stað þess að vera slátrað eins og upphaflega var áætlað.

Páll Imsland – verið er að nota vel ættaða hesta í blóðstöðið sem verður til þess að folöld undan þeim verða sett á. Fundarmenn sammála um að það væri slæm þróun.

Sveinn – hvað getum við gert ?

Hermann – hækka verðið á folaldakjöti væri besta lausnin.

Eysteinn – gætu eigendur stóðhesta gert það sem skilyrði að folöld undan þeim yrðu ekki sett á ?

Olil – eigum við ekki að ganga lengra og hætta að lána stóðhesta í þessi stóð og hætta að gefa hryssurnar okkar til blóðtökubænda.

Olil – af hverju er þessi fækkun áhorfenda á Landsmóti ?

Víkingur – varðandi blóðtökurnar; verður næsta kjötfjall ekki folaldakjöt þar sem þessi framleiðsla er vaxandi? Varðandi Landsmót: verðum að stytta mótin verulega; dagarnir of margir og og langir. Stytta þetta í 3 daga og hafa þetta veislu fyrir þá sem mæta.

Magnús Jósefsson– hætta að sýna beint frá mótunum, **Eysteinn**; sammála þessu.

Einar Ben – verðum að vanda valið þar sem okkar vara er ekki að skila sér inn á markaðinn nema 6-7 hvert ár.

Sigríkur – blóðmerar; er FHB ekki rétti aðilinn til að skoða hvort hægt sé að skrá hryssur sem blóðmeri og að ekki sé hægt að skrá undan henni folald ?

Einar Ben – þarf stjórn FHB ekki að fara í að skoða þetta með að stoppa ásetning afkvæma blóðmeranna.

Jónas – við eigum ekki að banna hinum að skrá, frekar að standa okkur í því að afhenda þeim ekki hryssur og stóðhesta.

Þorvaldur – þyrftum kannski að taka upp verkferla sem eru uppi erlendis, t.d. með að kaupa ræktunarleyfi á stóðhesta. Ef Ísteka ættu að fara að greiða fyrir skráningu á folöldum þá gæti það verið hindrun sem gæti dugað.

Pétur Halldórsson – er ekki hræddur við að afkvæmi blóðmeranna flæði inn á markaðinn, frekar að kjötfjallið verði vandamálið.

Olil – varðandi landsmót; útlendingar vilja sjá hægu gangtegunirnar og eins að sjá kynbótahrossin á hringvelli.

Magnús – sammála með hringvöllinn, sýningarnar myndu þá ganga hraðar fyrir sig

Formaður– þakkaði Víking fyrir innganginn að hringborðsumræðunni og leggur til við fundinn að fjallað verði um þær tillögur sem liggja fyrir fundinum við hringborðið og fundarmenn því samþykkir.

Tillögur

Innleiðing á gjaldtöku af hrossaafurðum.

Allt frá því verðskerðingarsjóður var lagður niður í lok árs 2015 hefur ekki verið innheimt gjald af hrossaafurðum. Er það mat stjórnar Félags hrossabænda að innleiða þurfi að nýju gjaldtöku af hrossaafurðum og væri gjaldinu ætlað að mynda sjóð sem hefði það skilgreinda markmið að styðja við markaðssetningu hrossaafurða. Það hefur sýnt sig að veruleg þörf er á sjóði sem hægt er að sækja í við stuðning á markaðssetningu og vöruþróun hrossaafurða. Núverandi tekjur Félags hrossabænda byggja fyrst og fremst félagsgjöldum eftir að innheimtu búnaðargjalds var hætt í lok árs 2016 og er því mjög lítið svigrúm í fjárhag félagsins til að styðja einstök verkefni á sviði markaðsmála.

Stjórn félagsins óskar eftir heimild aðalfundar til að hefja vinnu gagnvart stjórnvöldum við að taka upp gjald af hrossaafurðum og gæti gjaldtakan verið á bilinu 2- 4 % af afurðaverði. Sjóðurinn hefði

skilgreint markmið og væri vistaður með sama hætti og verðskerðingarsjóður en hann var í umsjón ríkisins.

Umræður: ágætar umræður fóru fram um tillöguna þar sem mikilvægi þess að hægt yrði að styðja við markaðsstarf hrossaafurða var rakið. Allir voru sammála því að greið leið þurfi að vera í afsetningu sláturfólalda og að ásættanlegt verð fái fyrir afurðirnar. Með gjaldtöku af hrossaafurðum mun allir þeir sem senda hross til slátrunar leggja í sjóð sem ætlaður er til markaðsaðgerða.

- **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum**

Aðgangur að myndabanka WorldFengs.

Stjórn félagsins gerir að tillögu við aðalfundinn að henni verði falið að óska eftir við Bændasamtökin og Landsmót ehf (og fulltrúa WorldFengs) að félagar í Félagi hrossabænda fái aðgang að myndabanka WF. Fordæmi er fyrir að félögum bjóðist aðgangur fyrir 350 kr á ári fyrir félagsmann en fullt aðgangsgjald er 4.900 kr á ári. Eins og kynnt hefur verið mun myndefni í myndabanka WorldFengs stórukast á næstu misserum en á síðasta ári var keypt myndefni frá landsmótum allt aftur til 1954.

Umræður: Einar Ben, þessi tillaga var borin upp á LH þingi og hafnað þar, en hann er algerlega sammála því að samþykkja þessa tillögu.

- **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Upptaka á kynbótasýningum

Formaður félagsins og ábyrgðarmaður hrossaræktarsviðs hafa undanfarið ár (frá síðasta aðalfundi) kannað möguleika þess að hafnar verði upptökur á kynbótasýningum. Hugmyndin og möguleg útfærsla hefur verið rædd við forsvarmenn WorldFengs og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og er af þeirra hálfu ekkert tæknilegt sem ætti að koma í veg þetta verði að veruleika. Haft var samband við þrjá aðila sem hafa fengist hafa við upptöku á á keppnum og sýningum og þeir beðnir um að áætla kostnað við upptökurnar.

Það er ljóst er að bjóða þarf út þá vinnu þegar farið verðu heildstætt í verkefnið.

Góð hugmynd kom fram á fundi með RML varðandi endalega ákvörðun um að fara í upptökur, en hún er sú að gerð verði skoðunarkönnun meðal allra þeirra sem hafa verið að sýna kynbótahross (miðað við árið á undan) um hvort eigi að innleiða að hefja upptökur með þeim viðbótarkostnaði sem því mun fylgja.

Umræða: formaður sagði að haft hafi verið samband við nokkra aðila til að fá upp verðhugmynd. Við fengum upplýsingar frá einum aðila og áætlaði hann kostnaðinn vera 7440 kr með vsk pr /hross. Ágæt umræða fór fram og höfðu sumir fundarmenn áhyggjur af því að hrossum til dóms muni fækka og mögulega að upptaka mundi auka álag og stress sýnenda. Gæti innleiðing upptöku leitt til þess að færri hross kæmu til dóms. Meginhvötin hlýtur að vera að fá sem flest hross í dóm og ekki að auka gjaldtökuna. **Jón Bjarni:** telur ekki að upphæðin yrði til þess að hindra hrossaeigendur. **Olil:** þau hafa tekið upp öll sín kynbótahross undanfarin ár, en er hissa á hvað fáir eru í því að gera þetta með sín eigin hross. **Halla Eygló:** getur eigandi komið í veg fyrir að myndbönd fari inn ? Myndefnið mun verða aðgengilegt fyrir allan heiminn. **Sigríkur:** hvað með höfundarétt ? **Sveinn:** enginn er spurður að því þegar kemur að myndböndum frá LM. **Halla Eygló:** telur að gjaldið myndi fæla áhugamenn frá kynbótasýningum. **Vignir:** er áhugi fyrir að prófa þetta, eða eru fundarmenn almennt á móti því. **Olil:**

við fáum bestu hrossin á landsmót og þar með fengjum við inn myndbönd af þeim, en við hefðum ekki gaman að horfa á lélegri sýningar þrátt fyrir að upplýsingagildið væri óumdeilanlegt. Formaður sagði að best væri að prófa að taka upp á einni sýningu til að auðvelda ákvörðun um framhaldið.

- **Ákveðið að fela stjórn að skoða tæknimöguleika og mögulega setja upp prufusýningu**

Rafræn skráning á fylskoðunum.

Formaður félagsins og ábyrgðarmaður hrossaræktarsviðs RML hafa undanfarið kannað möguleika þess að fylskoðanir (sónarskoðun) verði skráðar með rafrænum hætti af þeim sem framkvæmir skoðanirnar (dýralækni).

Í þessu sambandi er horft til þess að einfalda ferlið með því að bjóða upp á rafræna skráningu. Tillaga er um að bæta við í App-Feng, dótturforriti WorldFengs, þessum skráningarmöguleika. App-Fengur keyrir á snjallsíma og í þróun er tenging við örmerkjalesara. Þá yrði til bóta að bjóða upp á skráningu á örmerkingu með sömu aðferð.

Umræða: Fundarmenn ræddu að þetta væri jákvætt, og að þetta mætti skoða af stjórn.

Aðalfundur Félags hrossabænda samþykktir að áfram verði unnið að því að bættu App-Feng og skoða það að skrá sónar skoðanir með rafrænum hætti í WorldFeng–

- **Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum**

Erindi frá Bændasamtökum Íslands.

Félaginu hefur borist erindi frá stjórn Bændasamtaka Íslands þessa efnis að Félag hrossabænda bjóðist að taka yfir hlut BÍ (kaupa hlutaféð á 1 krónu) í Landsmóti ehf. Með því myndi Félag hrossabænda taka við hlutverki Bændasamtakanna sem þriðjungs eigandi í Landsmóti ehf á móti Landsambandi hestamannafélaga. Landsmót ehf var stofnað árið 2001 til að standa að rekstri og utanumhaldi Landsmóta hestamanna. Í erindi BÍ kemur fram að með breyttu fyrirkomulagi á ráðgjafarþjónustu í landbúnaði hafa Bændasamtök Íslands nú ekki neina beina aðkomu að rekstri landsmóta og telja eðlilegt að búgreinin sjálf hafi þessa aðkomu. Stjórn hefur fjallað um málið, mikilvægt að fundurinn taki afstöðu til þessa erindis.

Umræður: Hermann Karlsson taldi að við værum að taka á okkur mikla vinnu. Spurt var um fjárhag LM.

Vignir: Þær skuldir LM sem innheimtast fyrir áramót ætti BÍ, en FHB það sem innheimtist eftir áramót.

Landsmót ehf skuldar eigendum sínum en engum öðrum. **Zophonías:** eru e-r eignir hjá félaginu ?

Sveinn: FHB gæti aldrei tekist á við e-r skuldir sem landsmót ehf stofnaði til, og það yrði á hreinu að við værum ekki að skuldbinda FHB að neinu leyti. **Magnús J:** við eigum að hafa aðkomu að Landsmóti.

Jónas: sammála Magnúsi en ekki sáttur við hvernig Landsmót ehf þróaðist. **Eysteinn:** þeir sem halda mótin eins og nú er orðið bera ábyrgðina. **Jónas:** þeir sem héldu mótin báru alla ábyrgð áður.

Einar Ben: af hverju ættum við ekki að vilja hafa aðkomu að Landsmótum ? **Sveinn:** sammála Einari, nú eru breyttar forsendur sem gerir það að verkum að þetta er fýsilegur kostur fyrir FHB en það var ekki áður þegar þetta stóð til boða.

Vikingur: ef það er á hreinu að engar fjárhagslegar ábyrgðir fylgja þessu þá er hann hlynntur þessu.

- **Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.**

Frekari aðild að samningi milli ríkis og bænda.

Stjórn félagsins hefur óskað eftir við formann/stjórn BÍ að Félag hrossabænda (búgreinin) fái aðila að búvörusamningi milli bænda og ríkisins við endurskoðun samningsins á næsta ári. Þegar hefur verið sent formlegt erindi þess efnis á formann BÍ.

Aðalfundur skorar á stjórn FHB að vinna ötullega a því að Félag hrossabænda fái beina aðild að búnaðarsamningi ríkis og bænda.

- ***Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.***

Tillögur frá Hrossaræktarsamtökum Eyfirðinga-og Þingeyinga

1)

Uppruni:

Uppruni er þar sem hross eru fædd og ganga undir móður sinni.

Undantekningar:

Ef eigandi hryssunnar ákveður að skrá upprunann á annan hátt.

Það getur verið af ýmsum ástæðum eins og t.d. ef viðkomandi:

1. kennir ræktunina við annað ræktunarnafn, jörð eða ræktunarbú.
2. leigir eða lánar hryssuna til annars ræktanda og og leyfir honum jafnframt að ákveða hvar uppruninn er skráður.

Uppruni skal fylgja upprunanúmeri og skal ákveðið af hryssueiganda.

Einungis má breyta upprunanúmeri ef hryssueigandi hefur samþykkt það, en upprunanúmeri má ekki breyta eftir eins árs aldur hrossins.

Ræktandi:

Ræktandi er sá sem hefur umráð yfir hryssu þegar henni er haldið.

Aðalfundur beinir því til fagráðs að skýra og yfirfara skráningamál.

- ***Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum.***

2)

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn í Samskipahöllinni í Spretti 26.október 2018 beinir því til Fagráðs í hrossarækt að ákveða tímasetningar kynbótasýninga í héraði í samráði við Félög hrossabænda á hverjum stað.

Greinargerð: RML var stofnuð til að þjónusta bændur og eðlilegt er að Fagráð setji reglur um aðstöðu sem þarf að vera til staðar við kynbótasýningar, en hvar og hvenær sýningar fara fram eru ekki einkamál Fagráðs eða RML og mikilvægt að hugmyndir Félags hrossabænda á hverjum stað fái hljómgrunn.

- ***Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum.***

Tillögur frá hrossaræktarsamtökum Suðurlands

Tillaga 1.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 samþykki að beina þeim tilmælum til Fagráðs í hrossarækt að upplýsingar um einkunnir, skrokkmælingar og hófamælingar kynbótahrossa verði settar upp á grafísku formi (myndrænt) í Worldfeng.com til að auðvelda notendum læsi upplýsinganna.

Greinargerð: Slík breyting einfaldar notendum að lesa úr tölulegum upplýsingum um viðkomandi hross.

Umráða: Þorvaldur: verið er að huga að nýrri útgáfu WF sem á að koma út 2021 og þar ætti þetta að verða mögulegt.

- ***Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að beina þessu til fagráðs til skoðunar.***

Tillaga 2.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 samþykki að beina þeim tilmælum til fagráðs í hrossarækt að klárhross í röðum kynbótahrossa á Landsmótum og Fjórðungsmótum fái áfram nokkra forgjöf til að geta komist inn á þessi mót og haldi henni þegar til verðlauna á mótunum kemur.

Greinargerð: Klárhross hafa fengið forgjöf til að komast inn á Landsmót síðan 2016 sökum síns skeiðleysis. Forgjöfin fólst í því að ákveðinni einkunn var bætt við aðaleinkunn svo þau stæðu svipað og alhliðahrossin. Eðlilegt er að þessi forgjöf haldi áfram að gilda þegar að kemur að verðlaunaafhendingu – þau eru jú enn skeiðlaus.

- ***Samþykkt að beina tillögunni til Fagráðs***

Tillaga 3

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 samþykki að beina þeim tilmælum til Fagráðs í hrossarækt að í framhaldi af tillögu nr.2 að Fagráð vinni að því að skilja á milli klárhrossa og alhliðahrossa þannig að þessi hross verði dæmd og verðlaunuð sitt í hvoru lagi á stórmótum.

Greinargerð: Mikilvægt er fyrir eigendur, ræktendur og áhorfendur að bestu klárhrossin verði sýnilegri á LM og FM en verið hefur. Nú er það svo að klárhross eru lítið sýnileg á síðustu dögum stórmóta.

- ***Samþykkt að beina tillögunni til Fagráðs***

Tillaga 4.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 beini þeirri áskorun til Fagráðs í hrossarækt að það geri trausta áætlun um það hvernig standa skuli að því að festa varanlega hið nýja litargen fyrir ýruskjóttu litmynstri, sem fram kom sem stökkbreyting í Ellerti frá Baldurshaga, í íslenska hrossastofninum á Íslandi.

Greinargerð: Tilkoma nýs litargens inn í íslenska hrossastofninn er algjörlega einstakur viðburður, sem auðgar genamengi hans. Það verður að sjá til þess að þetta gen festist í stofninum til frambúðar,

dreifist vítt um hann og verði varanlegur hluti hans og þar alltaf tiltækt. Þetta gerist ekki án þess að um það sé gerð einhver áætlun og henni fylgt eftir. Annars getur þetta gen týnst aftur eða flutst úr landi til notkunar þar án þess að aðgangur sé að því hér heima. Hvort tveggja er óafturkræfur og óbætanlegur skaði fyrir utan þá skömm sem því myndi fylgja.

Umræða: Þorvaldur: Tilgangur stofnverndarsjóðs er ekki til kaupa á kynbótahrossum. **Sigríkur:** spurning hvort FHB kæmi að því að hindra að hesturinn verði fluttur úr landi eða með því að greiða niður folatolla. **Páll Imsland:** tryggja þarf að þetta litagen dreifist um stofninn. **Jónas:** þó hlutverk stofnverndarsjóðs hafi breyst í gegnum tíðina þá er ekkert sem mælir gegn því að hann breytist í upphaflega stefnu.

- **Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum.**

Tillaga 5.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 samþykki að endurskoða aðkomu félaga og samtaka að Fagráði í hrossarækt, hvernig samstarf og samvinna er milli fulltrúanna og umbjóðanda þeirra er háttað.

Greinargerð: Það er mikilvægt FHB og Fagrád séu með góða tengingu niður á við þar sem þau upplýsi stjórnir sinna undirfélaga um starfsemi sína, aðgerðir og ákvarðanir og geta átt í gagnvirku samtali við grasrótina.

Umræða: Sigríkur: lýsandi dæmi fyrir þetta samskiptaleysi eru tillögur 2 og 3 sem hefðu ekki verið lagðar fram ef deildin hefði vitað að þetta væri þegar komið í vinnslu. **Víkingur:** það eru ástæður fyrir því að FT og LH komu inn í fagrád. **Hermann:** við teljum að þessar forsendur séu breyttar í dag og kominn tími til að ræða málin.

Samþykkir að beina því til stjórnar að fara yfir aðkomu félaga að fagráði.

- **Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum.**

Tillaga 6.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands leggja til að aðalfundur FHB 2018 beini því til Fagráðs í hrossarækt að opnaður verði fyrir stóðhestseigendum möguleiki á að skrá í Worldfeng staðfestar niðurstöður um sæðisgæði stóðhesta sinna.

Greinargerð; Mikilvægt er að safna saman og halda utan um frjósemiseiginleika í íslenska hrossastofninum. Gefur hryssueigendum möguleika á að velja með ábyrgum hætti fyrir eiginleikanum frjósemi.

Umræða: Malin: sæðisgæðin geta breyst. **Sigríkur:** þetta er eitthvað sem þarf að ræða. **Olil:** Ræktendum finnst áriðandi að hafa þessar upplýsingar aðgengilegar, þessar upplýsingar myndu fylgja hesti sbr. Kynbótadóma, þannig að allar skoðanir væru aðgengilegar.

- **Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum.**

Tillaga frá hrossaræktarsamtökum Skagafjarðar

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn í Kópavogi 26.október 2018, beinir því til forsætisráðherra og ríkisstjórnar Íslands að koma á fót öflugri landbúnaðarráðuneyti með sérstökum ráðherra, og öflugri fagþekkingu á íslenskum landbúnaði og þeim aðstæðum sem hann býr yfir.

- **Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum.**

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

Vignir – fór yfir fjárhagsáætlun félagsins og bar hana upp til samþykktar.

(búið er að borga af 677 félögum það sem af er ári)

- **Samþykkt með öllum greiddum afkvæmum.**

Kosningar.

Kjósa á um tvö sæti í stjórn. Eysteinn Leifsson sem hefur verið stjórnarmaður gefa kost á sér áfram en Magnús Jósepsson sem hefur verið stjórnarmaður um langt skeið gefur ekki kost á sér áfram.

Eysteinn Leifsson og Heiðrún Eymundsdóttir í framboði til stjórnarsetu.

Eysteinn og Heiðrún kjörin með lófaklappi.

3 varamenn í stjórn til eins árs: Sigríkur, Einar Ben og Malin: samþykkt með lófaklappi.

Önnur mál.

Jónas bað um að á næsta ári yrði gefinn meiri tími til að ræða tillögur. **Malin:** bað um að fá áminningu um aðalfundardag mun fyrr að hausti til að hægt væri að innheimta félagsgjöldin. **Birna:** við erum bara 19 fulltrúar á aðalfundi en ættu að vera 30 spurning hvort breyta ætti fundartíma yfir á laugardaga eða sunnudaga til fá fleiri fulltrúa inn. **Ólil:** er búið að endurskoða markmið félagsins, erum við sátt við hlutverk félagsins, eða þurfum við að skýra það nánar. **Sveinn:** á fundum með félögum í fyrra kom einmitt fram beiðni um endurskoðanir á hlutverki félagsins. **Einar:** ánægður með að hafa sett alla í einn hóp í tillögum og umræðum.

Ágætar ábendingar komu fram undir liðnum önnur mál og mun stjórn taka þær til skoðunar.

Formaður þakkaði Magnúsi Jósepssyni fyrir samstarfið í gegnum tíðina, og starfsmönnum fundarins fyrir þeirra framlag til fundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

